

Alþjóðahúsið
Hverfisgötu 18
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2724
komudagur 14.5.2008

13. maí, 2008

Til félags- og tryggingamálanefndar Alþingis

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál.

Samantekt

Í meginatriðum fagnar Alþjóðahúsið framkominni þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Þar eru fjölmörg þörf verkefni, sem eru löngu tímabær. Það vekur þó athygli að þingsályktunin sjálf er heldur rýr, aðeins efnisyfirlit fyrir greinargerðina. Því getur þingsályktunin sjálf varla verið umdeilanleg. Það er hins vegar ýmislegt sem fram kemur í greinargerðinni, sem orkar tvímælis að mati Alþjóðahússins. Það þarf þó að taka fram að gagnrýnin snýst ekki um markmiðin eða verkefni í sjálfu sér, heldur fremur á leiðirnar að markmiðunum.

Það er skoðun Alþjóðahússins að ríkisstjórnin eigi að falla frá hugmyndum að setja lagastoð fyrir starfsemi Fjölmenningssetursins á Ísafirði. Fremur beri að auka sérhæfingu meðal starfsmanna félags- og tryggingamálaráðuneytis, afhenda rekstur Fjölmenningsseturs til aðila á Vestfjörðum eða annarra sem hafa áhuga og bjóða síðan út einstök verkefni í lokuðum útboðum. Þannig mun sérhæfing halda áfram að styrkjast á þeim grunni sem verið hefur hingað til og fjármagn til málefna innflytjenda nýtast betur.

Ef vilji Alþingis stendur hins vegar til þess að staðfesta framkomnar hugmyndir um að breyta Fjölmenningssetrinu í ríkisstofnun með lögum, þá er farið fram á að starfsemi þess verði afmörkuð við verkefni sem tengjast yfirsýn yfir málaflokkinn og hugsanlegt eftirlit, en framkvæmd einstakra verkefna verði í höndum annarra. Verði svo, er jafnframt nauðsynlegt að koma upp starfsemi sem sinni ráðgjöf, fræðslu, upplýsingum og annarri þjónustu á sviði málefna innflytjenda á Vestfjörðum.

Í umsögninni kemur fram ósk Alþjóðahússins, nú þegar ríkið ætlar stórauka fjármagn í málefni innflytjenda, að Alþingi geri það ekki að vilja sínum að finna nýjar leiðir í þjónustu við innflytjendur, heldur nýti þær leiðir sem hafa þróast og efli þær enn frekar.

1. Almennt um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Inngangur

Í umsögninni er leitast við að fylgja efni greinargerðarinnar með frumvarpinu og nota sömu fyrirsagnir. Efni greinargerðarinnar er ekki endursagt nema að mjög takmörkuðu leyti, heldur brugðist við textanum eins og hann kemur þar fyrir.

Árið 1996 var farið að bera þónokkuð á fjölgun innflytjenda hér á landi. Atvinnuleysi hafði aukist á árunum 1993-95 en efnahagslífið rétti fljótt úr kútnum, störfum fjölgaði svo mikið að ekki tókst að manna þau með innlendum mannafla, þannig að erlendir starfsmenn komu í meira mæli til landsins. Þetta ár, eða 1996, ákvað Reykjavíkurborg að stofna Miðstöð nýbúa, sem var staðsett í Faxafeni til að byrja með og fluttist síðan í Skerjafjörð. Strax þá var farið að bera á gagnrýni á ríkisvaldið fyrir að gera of lítið til að aðstoða innflytjendur og auka um leið gagnkvæma aðlögun og draga úr líkum á að Íslendingar gerðu sömu mistök og nágrannabjóðirnar í málefnum innflytjenda.

Ríkisvaldið var hins vegar svífaseint, en var boðið til viðræðna þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg Rauða krossins hófust handa við að undirbúa stofnun Alþjóðahússins. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sat nokkra fundi, en ráðuneytið ákvað síðan að halda sig til hlés og ríkisvaldið ákvað frekar að setja á stofn Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum, eða miðstöð nýbúa á Vestfjörðum eins og það var kallað í þingsályktun, sem var flutt á þingi árið 1998 og aftur árið 2000 af þingmönnum Vestfjarða og samþykkt 9. maí árið 2000.

Þingsályktun um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. (samþykkt 9. maí 2000)

Af ályktuninni og greinargerð með henni og hvernig henni er fylgt úr hlaði í umræðum á Alþingi, sést skýrt að miðstöð nýbúa á Vestfjörðum var í augum flutningsmanna fyrst og fremst hugsuð fyrir Vestfirði, ekki fyrir allt landið. Hún var hugsuð í samvinnu við sveitarfélög og fleiri á svæðinu, með tilliti til þess hversu sveitarfélögin voru veikburða til þess að sinna þjónustu af þessu tagi sjálf. Síðan þá hefur Fjölmenningarsetrið þróast, án þess að nokkurn tíma hafi verið gefið út hver rammi þess væri. Það hefur ekki verið nein stjórn eða sérstök stefna sem það hefur fylgt. Það hefur í það minnsta aldrei verið gefið út opinberlega.

Lengst af hefur Fjölmenningarsetrið verið borið uppi af einum starfsmanni og í raun má segja að ótrúlega margt hafi gerst miðað við það.

Það eru hins vegar úreltir stjórnsýsluhættir að fara að búa til ríkisstofnun úr Fjölmenningarsetri og yrði í raun afturför. Það væri hins vegar í takti við hagkvæma stjórnsýslu þar sem peningar eru nýttir til hins ýtrasta að efla sérfræðipekkingu í félagsmálaráðuneytinu, stofna sérstaka skrifstofu um málefni innflytjenda, sem síðan yrði í samstarfi við þá aðila sem hafa sinnt þessari þjónustu um árabil og hafa alla möguleika á að bæta við verkefnum með auknu fjármagni. Ný ríkisstofnun er óþarfa milliliður sem mun fyrst og fremst auka kostnað.

II. Heildstæð framkvæmdaáætlun

Það yrði löng saga að rekja allar þær nefndir sem hafa verið skipaðar frá hendi ríkisins til að fara í stefnumótun á sviði málefna innflytjenda með einum eða öðrum hætti. Yfirleitt hefur hins vegar orðið lítið úr efndum. Á síðasta eina og hálfu ári hefur hins vegar mikið gerst á þessu sviði eins og rakið er í kaflanum um heildstæða framkvæmdaáætlun. Það voru t.a.m. tíðindi þegar ríkisstjórnin samþykkti stefnu á þessu sviði í byrjun árs 2007 og staðfesti síðan þá stefnu með sérstökum kafla um málefni innflytjenda í stjórnarsáttmálanum sumarið 2007.

Það verður þó að lýsa yfir vonbrigðum með undirbúning að gerð sjálfrar framkvæmdaáætlunarinnar. Í ljósi þess hve ríkisvaldið er mörgum árum of seint í því að móta áætlun sem slíka, þá hefur þróast margs konar sérþekking á liðnum árum, eins og nefnt er í greinargerðinni. Miðað við þær fullyrðingar hefði verið hægt að búast við nánu samræði við gerð framkvæmdaáætlunarinnar. Hins vegar lágu aldrei fyrir drög af nokkru tagi fyrir hagsmunaaðila til að rýna í, aldrei var mögulegt að vita hvað Innflytjendaráð eða ráðuneytið var að hugsa við mótun áætlunarinnar. Þess má geta að Alþjóðahús kom á fund ráðsins í lok nóvember og lagði fram hugmyndir um mótun stjórnsýslu og skipulag varðandi málefni innflytjenda, en hefur aldrei fengið viðbrögð við þessum hugmyndum frá ráðuneytinu.¹ Þá óskaði Alþjóðahúsið eftir viðtali við félagsmálaráðherra í byrjun febrúar, en ráðherra hefur ekki enn veitt viðtal, þegar þetta er ritað.

Í janúar var haldið málþing Innflytjendaráðs um framkvæmdaáætlunina. Þar voru nokkrar málstofur og nokkrar hliðar ræddar á málefnum innflytjenda. Mest var um reynslusögur að ræða og svo gafst fundarmönnum kostur á að koma með ábendingar og fyrirspurnir í kjölfar fyrirlestra. Gott málþing út af fyrir sig. Það var hins vegar afskaplega óljóst hvaða hlut málþingið átti í framkvæmdaáætluninni og mismikið svigrúm fyrir tillögur og umræður. Það lágu ekki fyrir nein drög að framkvæmdaáætlun fyrir sjálft málþingið og þátttakendur vissu því ekki á hvaða grunni væntanleg framkvæmdaáætlun yrði unnin. Það hefur heldur ekki verið gefið út hvaða mælikvarða Innflytjendaráð notaði til að meta framkomnar tillögur á málþinginu eða hefur verið birtur listi yfir þær tillögur sem komu fram. Þá hefur ekki verið birt hvernig ábendingarnar voru flokkaðar eða hvað réð því hvaða ábendingar fengu framgang og hvaða ábendingar ekki. Í kjölfarið vann Innflytjendaráð framkvæmdaáætlun án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila. Þannig að málþingið var í besta falli vel til þess fallið að fá yfirsýn yfir ýmis verkefni á sviði málefna innflytjenda, hvort sem þau voru í framkvæmd eða væntanleg.

Þá skorti sérstaklega á umræðu um það á málþinginu hvernig beri að standa að stjórnsýslu á sviði málefna innflytjenda.

Það ber einnig að gagnrýna orðalag í áætluninni um að ríkisvaldinu beri að leitast við að eiga samstarf við þá sem hafa hvað mesta reynslu í þessum málefnum í samfélaginu. Þar þarf að kveða sterkar að orði og leggja skyldur á herðar ríkisvaldsins að því beri að eiga samstarf við þá sem hafa mesta þekkingu í málefnum innflytjenda á Íslandi í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað vegna seinangangs ríkisins.

Löggjöf um aðlögun innflytjenda.

Hvað varðar hlutverk Innflytjendaráðs, þá vantar viðtækara umboð og því er lagt til að þriðji geirinn, svonefndur í þingsályktuninni, fái að tilnefna fulltrúa í Innflytjendaráð.

Á síðustu árum hefur ríkið dregið lappirnar í því að koma með fjármagn inn í málefni innflytjenda. Raun má segja að ríkið sé 7-10 árum of seint í því að koma af krafti í málaflokkinn. Í millitíðinni hafa sveitarfélög, Rauði krossinn og fleiri haft forgöngu um að

¹ Á fundi ráðsins voru lagðar fram hugmyndir um landshlutamiðstöðva um þjónustu við innflytjendur, sem yrðu reknar á grundvelli þjónustusamninga við ríki og sveitarfélög. Þá yrðu samráðsfundir einu sinni á ári fyrir hvern landshluta og línur lagðar í starfinu, og einu sinni á ári fyrir allt landið til þess að samræma aðgerðir yfir landið. Nú þegar eru landshlutamiðstöðvar í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri og hægt að byggja á þeim til framtíðar.

byggja upp sérfræðipækkingu á þessu sviði. Það að ætla að koma inn með afgerandi strúkturbreytingar, nú þegar ríkið ætlar að koma inn í málin, er sóun á þeirri þekkingu sem hefur myndast á undanförunum árum.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Það er mjög mikilvægt að endurskoða reglur um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Brýnt er að veita þannig sveitarfélögum, sérstaklega þeim smærri, tækifæri til að kaupa sér sérfræðiaðstoð með þjónustusamningum við viðurkennda aðila.

Jafnframt verður að horfa til þess hvar mest reynsla hefur safnast upp varðandi ráðgjöf við sveitarfélög. Alþjóðahúsið er stofnað á grunni sveitarfélaga og hefur síðan 1996, sem miðstöð nýbúa, starfað á þessum grunni. Það færi mjög vel á því að fela Alþjóðahúsinu þessi verkefni.

Það þarf að gæta þess að fela ekki Fjölmenningssetrinu verkefni sem einkaaðilar eru að framkvæma. Í þessu tilvik á hins vegar að setja á stofn ríkisstofnun sem tekur verkefni frá eða fer í samkeppni við sjálfseignastofnun, sem hefur sérhæft sig í málaflokknum með góðum árangri.

Bein tilvitnun í þingsályktunina:

"Þriðji geirinn.

Á Íslandi hafa félagasamtök, símenntunarmiðstöðvar, ýmsar sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki þróað þjónustu við innflytjendur og samfélagið allt á sviði fjölmenningsar og innflytjendamála. Þjónustan spannar allt frá ráðgjöf til fyrirtækja um fjölmenningsarsamfélagið, einstaklingsbundna ráðgjöf við innflytjendur, túlkajónustu og íslenskunámskeið til fordómafræðslu svo nokkuð sé nefnt. Þessu ber að fagna. Ríkisstjórnin telur að þarna sé um auðlind að ræða og hvetur stjórnvöld, stofnanir, atvinnulíf og samfélagið til að virkja auðlindina með því að efna til verkefna og samstarfs og nýta þannig þá sérþekkingu sem myndast hefur. Vefur og þjónusta Fjölmenningsseturs verður bakhjarl í starfi þessara aðila og miðar að því að allar helstu upplýsingar stjórnvalda og opinberra stofnana séu aðgengilegar á einum stað, öllum til frjálsra nota í sinni starfsemi. Þá gegnir þróunarsjóður innflytjendamála mikilvægu hlutverki við að styðja við hvers konar þróun og nýsköpun á þessu sviði."

Í þessari umfjöllun hér að framan um þriðja geirann, er verið að fjalla um ýmsa aðila, sem hafa þróað þjónustu við innflytjendur og samfélagið allt á sviði innflytjendamála. Svo eru talin upp nokkur verkefni, sem eiga það sameiginlegt að vera öll á könnu Alþjóðahússins, hvort sem það er einskær tilviljun eður ei.

Það er því sérstök ástæða til að tíunda frekar hlutverk Alþjóðahússins:

Alþjóðahús

Alþjóðahúsið hefur verið með þjónustusamninga við fjögur sveitarfélög; Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð og Seltjarnarnes frá árinu 2001. Í samningunum koma fram helstu verkefni Alþjóðahússins og samfélagshlutverk sem eru í grófum dráttum eftirfarandi.

Meginmarkmið er að styðja við öflugna starfsemi Alþjóðahússins og búa þannig í haginn að íbúar nýti kosti fjölmenningslegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna. Einnig að útlendingum, sem flust hafa til landsins, verði gert kleift að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og stuðla að því að fólk af ólíkum uppruna tengist á jákvæðan hátt. Þannig er unnið markvisst gegn fordómum og leitast við að koma í veg fyrir árekstra vegna mismunandi bakgrunns íbúa. Alþjóðahúsið á einnig að stefna að því að íbúar af erlendum uppruna njóti árangursríkrar og samhæfðrar þjónustu þannig að þeir verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og reynsla þeirra og þekking nýtist sem best.

Alþjóðahúsið skal vera vettvangur frumkvæðis og nýsköpunar á sviði fjölmenningslegs samfélags, þar sem unnið er, og hvatt til rannsókna, þekkingaröflunar og miðlunar, m.a. á högum útlendinga hér á landi og viðhorfum til þeirra. Einnig að vera leiðandi í umræðu um hið fjölmenningslega samfélag, m.a. með skipulagningu ráðstefna og funda. Þá skal það leita víðtæks samstarfs bæði innan lands sem utan, t.d. við aðila vinnumarkaðarins, trúfélög,

stofnanir og samtök sem sinna sambærilegum verkefnum erlendis. Auk þess að skal það leita leiða til að efla samstarf ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka á þessu sviði.

Alþjóðahúsinu er skylt að veita sérhæfða ráðgjöf í málefnum fólks af erlendum uppruna og veita því aðstoð við að aðlagast fjölmennningarlegu samfélagi. Þá er kveðið á um almenna upplýsingamiðlun til útlendinga. Ennfremur annist Alþjóðahús útgáfu fréttablaðs um málefni útlendinga á ýmsum tungumálum, sem og upplýsingagjöf á rafrænu formi. Auk þess skal það sýna frumkvæði að samstarfi um samræmda upplýsingagjöf á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka til fólks af erlendum uppruna. Alþjóðahúsið skal bjóða upp á aðstöðu til félags- og menningarstarfs fólks af erlendum uppruna og móðurmálskennslu. Jafnframt að auðga og styrkja lista- og menningarlíf í landinu með því að kynna menningu og listir hinna ýmsu þjóðerna og skipuleggja viðburði og verkefni sem tengja saman fólk af ólíkum uppruna og leitast við að vinna að slíkum verkefnum í samstarfi við stofnanir sveitarfélaganna og félagasamtök.

Þá er Alþjóðahús á Norðurlandi með þjónustusamning við Akureyrarbæ, til loka ársins 2010 og stefnt er að samstarfi við fleiri sveitarfélög á Norðurlandi og vonandi ríkið. Samfélagshlutverk Alþjóðahússins er sambærilegt hlutverki Alþjóðahússins í Reykjavík.

Það er hægt að taka undir margt af því sem kemur fram í greinargerðinni um hlutverk ólíkra aðila, eins og að þetta er samfélagsverkefni og það þurfi að leiða saman marga hagsmunaaðila til þess gagnkvæm aðlögun geti orðið með ásættanlegum hætti.

Þar hefur Alþjóðahúsið nú þegar mikið samstarf við aðila úr öllum þeim geirum sem eru taldir upp. Auk annarra sem ekki eru taldir upp, eins og trúfélög, menntastofnanir og hópa sérfræðinga á ýmsum sviðum. Svo má bæta við einstaklingum. Það er nauðsynlegt að höfða til þeirra, sem tilheyra ekki einstökum hópum.

III. Stofnanir á sviði innflytjendamála.

Innflytjendaráð.

Alþjóðahúsið er þeirrar skoðunar að efla þurfi stjórnsýslu sem lýtur að innflytjendaráði og stofna sérstaka skrifstofu málefna innflytjenda í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Með því gerist óþarfi að tryggja lagastoð fyrir Fjölmenningarsetri í nýrri löggjöf um aðlögun innflytjenda, heldur gefst tækifæri til að þróa Fjölmenningarsetrið áfram í samvinnu við sveitarfélög á Vestfjörðum. Þannig getur það axlað ýmis konar hlutverk og tekið að sér ýmis konar verkefni. Þá þarf að víkka Innflytjendaráð út með því að skipa fleiri fulltrúa og er þar sérstaklega mikilvægt að huga að þriðja geiranum svonefnda.

Eftirfarandi er bein tilvitnun í greinargerð þingsályktunarinnar, svigar eru Alþjóðahúss:

"Fjölmenningarsetur.

Fjölmenningarsetri var komið á fót árið 2000 á grundvelli ályktunar Alþingis. Hlutverk þess er að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með stofnunum og sveitarstjórnnum að eflingu þjónustu fyrir erlendra ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. (SAMA HLUTVERK OG ALÞJÓÐAHÚSSINS) Þá er það hlutverk þess að stuðla að því að upplýsingagjöf opinberra aðila til innflytjenda sé heildstæð, samhæfð og markviss og að opinberir aðilar hafi aðgang að fyrirmyndum um þjónustu og stuðning við innflytjendur.

Helstu verkefni Fjölmenningarseturs eru þessi:

- Að sinna upplýsingamiðlun til einstaklinga, til dæmis með ráðgjöf í síma og með upplýsingamiðlun um vefinn mcc.is (SAMA OG ALÞJÓÐAHÚS)*
- Hafa umsjón með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga. (SAMA OG ALÞJÓÐAHÚS)*
- Veita ráðgjöf við stefnumótun og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar og leiðbeiningar um gerð verkferla og verklagsreglna. (SAMA OG ALÞJÓÐAHÚS)*

- Hafa yfirlit yfir rannsóknir og þróunarverkefni. (SAMA OG MIRRA (MIÐSTÖÐ INNFLYJTJENDARANNSÓKNA Í REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNI))
- Hafa upplýsingar um íslenskunámskeið, fræðslunámskeið og þá þjónustu sem í boði er. (SAMA OG ALÞJÓÐAHÚS)
- Halda skrá yfir sjálfstætt starfandi túlka og þá túlka- og þýðingþjónustu sem er í boði. (SAMA OG FÉLÖG TÚLKA OG ÞÝÐENDA)
- Hafa forgöngu um og sinna samstarfi á sviði fordómafræðslu. (SAMA OG ALÞJÓÐAHÚS)”

Eins og fram kemur hér að ofan, þá er hlutverk Fjölmenningsseturs að mörgu leyti það sama og Alþjóðahússins eða annarra aðila sem þegar eru starfandi. Það er því tímaskjekkja að fara að skjóta sérstakri lagastoð undir starfsemi Fjölmenningssetursins og gera það þannig að formlegri ríkisstofnun. Aðrir aðilar geta vel gegnt þessum verkefnum og að sama skapi getur Fjölmenningssetrið axlað sitt hlutverk án þess að vera ríkisstofnun. Það færi mun betur á því að afhenda aðilum á Vestfjörðum rekstur Fjölmenningssetursins, treysta núverandi starfsmönnum, sveitarfélögum, félagasamtökum eða öðrum á svæðinu til að reka Fjölmenningssetrið. Svo gæti félags- og tryggingamálaráðuneytið samið við Fjölmenningssetrið um einstök verkefni og á sama tíma litið til annarra aðila hvað varðar framkvæmd þeirra.

Í huga ýmissa félagasamtaka, símenntunarmiðstöðva, ýmissa sjálfseignarstofnana og fyrirtækja sem hafa þróað þjónustu við innflytjendur og samfélagið allt á sviði fjölmennings og innflytjendamála, þá skýtur það skökku við að setja á stofn ríkisstofnun um aðlögun innflytjenda á þessum tímamarki. Hvað þá að fyrirkomulagið verði með eftirfarandi hætti: *“Vefur og þjónusta Fjölmenningsseturs verður bakhjarl í starfi þessara aðila og miðar að því að allar helstu upplýsingar stjórnvalda og opinberra stofnana séu aðgengilegar á einum stað, öllum til frjálsra nota í sinni starfsemi.”*

Mikilvægt er við mótnuð framtíðarhlutverks Fjölmenningssetursins, að það verði ekki farið inn á hlutverk þeirra sem nú þegar eru að vinna að mikilvægum verkefnum á sviði gagnkvæmrar aðlögunar.

Á sama hátt myndi það skjóta skökku við ef ríkisvaldið myndi ákveða að stofna ríkisbjörgunarsveit, sem yrði öðrum björgunarsveitum landsins til halds og trausts, nokkurs konar yfirbjörgunarsveit. Sama má segja um margs konar starfsemi sem hefur verið rekin um langt árabíl í einkarekstri, s.s. hjúkrunarheimili og elliheimili, endurhæfingastöðvar og meðferðarstöðvar á vegum SÁÁ.

Ef vilji Alþingis stendur hins vegar til þess að skjóta lagastoð undir starfsemi Fjölmenningsseturs, þá er það ljóst að endurskoða verður að miklu leyti hvaða verkefni því eru falin. Það er óeðlilegt að ríkið fari að setja ríkisstofnun á fót til að sinna verkefnum sem “þriðji geirinn” er að sinna með góðum árangri í dag. Því hljóta verkefni Fjölmenningsseturs að verða takmörkuð mjög frá því sem þessi þingsályktun gerir ráð fyrir, fari svo að Fjölmenningssetrið hljóti stoð í lögum.

2. Upplýsingar um innflytjendamál.

Mjög mikilvægt er að standa vel að söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um málefni innflytjenda, enda algengt að slíkar upplýsingar séu mistúlkaðar. Ánægjuefni er að Hagstofnan skuli geta tekið á sig aukið hlutverk í því skyni.

Í greinargerðinni er fjallað um að félagsmálaráðuneyti hyggist láta framleiða efni til nota í fordómafræðslu, sem verði til afnota fyrir hvern sem er. Það er jákvætt að ráðuneytið hyggist standa fyrir útgáfu fræðsluefnis, en Alþjóðahúsið leggur áherslu á að tryggt sé að þeir sem taki að sér að miðla slíku efni, séu í stakk búnir til þess. Hentugast er að vera með eins konar leiðbeinendanámskeið, til þess að leiðbeinendur þekki bakgrunn efnisins nægilega vel, misskilji það ekki og séu undirbúnir undir erfiðar spurningar og hugsanleg “upphlaup” þegar fræðslan fer fram. Þá er vakin athygli á því að MIRRA komst að samkomulagi fyrir nokkrum mánuðum við RKÍ um að halda skrá yfir rannsóknir á sviði málefna innflytjenda, en RKÍ stóð að því um nokkurra ára skeið. Engin ástæða til að byrja upp á nýtt í þeim efnum.

3. Upplýsingamiðlun til innflytjenda.

Upplýsingamiðlun til innflytjenda er gríðarlega mikilvæg. Alþjóðahús gefur til að mynda út blað fjórum sinnum á ári, á þremur tungumálum. Auk þess eru einstakar greinar þýddar á fleiri tungumál. Áskrifendur eru um 3000 talsins, en þeir fá blaðið sent ókeypis til sín. Blaðinu er að auki dreift til um 200 staða á höfuðborgarsvæðinu, til allra sveitarfélaga og bókasafna á landinu, auk verslana Bónuss og Krónunnar og á bensinstöðvar Olís um allt land. Blaðið er gefið út í 12-15.000 eintökum í hvert skipti. Vefur Alþjóðahússins, www.ahus.is var heimsóttur um 160.000 sinnum á síðasta ári og það sem af er þessu ári, eru heimsóknir 72.000 (heimsóknir í hverri viku eru frá 2-5.000). Þjóðahátíðin, dró að sér um 5.000 manns á síðasta ári, en það komu á milli 350 og 400 manns að skipulagningu hennar. Alþjóðahúsið sá um útgáfu bæklingins "Fyrstu skrefin" á síðasta ári. Þá eru upplýsingar á tólf tungumálum á vefsíðu Alþjóðahússins en það hefur í seinni tíð átt erfitt með að uppfæra vefsíðuna, enda hafa lækkingar framlög, bæði út frá krónutölu og vísitölu, gert Alþjóðahúsinu erfitt fyrir.

Með þessu er enn ítrekað að það sé ekki verið að finna upp hjólið í framkvæmdaáætluninni, þegar unnt er að efla þær leiðir sem hafa mótast hingað til.

Þá skortir að taka af skarið í framkvæmdaáætluninni um ráðgjöf til innflytjenda. Það er hvergi fjallað beinlínis um þetta mál, en hefur þó í starfsemi Alþjóðahússins reynst það mikilvægasta. Í Alþjóðahúsi er boðið upp á almenna og lögfræðilega ráðgjöf til einstaklinga, svo og til fyrirtækja og stofnana vegna mála er snerta innflytjendur. Almenna ráðgjöfin og lögfræðiráðgjöfin geta ýmist falist í upplýsingum um íslenskt réttarkerfi, samfélagið, aðstoð við fólk við að ná fram rétti sínum eða að beina fólk til annarra aðila. Heimsóknir, símtöl og tölvupóstar með fyrirspurnum til starfsmanns í móttöku, ráðgjafa, og lögfræðings voru alls um 15.000 á árinu 2007. Fyrirspurnar halda áfram að aukast en að meðaltali berast um 100 símtöl, heimsóknir og tölvupóstar á dag sem er 100% aukning frá árinu 2006. Nokkrar breytingar hafa orðið á efni erinda til ráðgjafar, en á árinu 2006 vörðuðu flest erindi atvinnu- og dvalarleyfi og atvinnumál almennt. Á árinu 2007 fjölluðu hins vegar flest erindi um skilnaðarmál og önnur fjölskyldumál og skaðabótakröfur.

Einnig hafa borist margar fyrirspurnir frá íbúum evrópska efnahagssvæðisins um millifærslu félags- og tryggingaréttinda þeirra milli landa, bæði vegna flutninga fólks hingað til lands en einnig vegna flutninga fólks úr landinu.

4. Dvalar- og atvinnuleyfi.

Alþjóðahúsið fagnar framkomnum hugmyndum um breytingar, sem hafa í för með sér einföldun á skráningarkerfi innflytjenda við komuna til landsins.

5. Túlkaþjónusta.

Þingsályktunin tekur mið af mörgum mjög áriðandi verkefnum á sviði samfélagstúlkunar. Þótt íslenskukennsla verði stórefld mun brýnasta þörfin fyrir nákvæma upplýsingagjöf í heilbrigðis-, skóla-, félagsþjónustukerfinu eða stjórnkerfinu alltaf krefjast faglegrar túlkunar og þýðinga. Þar af leiðandi styðjum við áætlanir um að setja verklagsreglur varðandi þýðingar og túlkanir á ýmsum sviðum og vonum að sami ferillin haldi áfram á fleiri sviðum þar sem hagsmunir innflytjenda geta verulega skaðast ef þeir fá ekki réttar upplýsingar. Þar ber t.d. að nefna sýslumenn sem hingað til hafa ekki verið reiðubúnir að kalla til túlka og hafa haldið því fram að geta sinnt þeirra lögboðinni leiðbeiningaskyldu án þess að fólk skilji þá. Dæmi eru um að erlendar konur hafi afsalað sér forræði yfir börnum sínum eftir að hafa skrifað undir skjöl sem þær skildu ekki og ljóst átti að vera að eiginmaður væri ekki rétti aðilinn til að túlka.

Rétt er að benda á að ekki er lögð nægilega mikil áhersla á mjög mikilvægan þátt sem þarf að vera til staðar til þess að tryggja að fagleg túlkun geti átt sér stað, nefnilega þátturinn sem snýr að kunnáttu þeirra sem nota túlkaþjónustu, svo sem kennara, lögreglumanna, heilbrigðisstarfsfólks eða félagsráðgjafa. Að stýra samtali með aðstoð túlks er verulega frábrugðið venjulega samtali og geta ranghugmyndir um hlutverk túlks og vankunnátta í fjölmennningarlegum samskiptum skaðað framgang samtals. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að huga vel að þjálfun þeirra sem vinna með túlkum, bæði með námskeiðum fyrir starfandi fagfólk eins og hafa verið í boði hjá Túlka- og þýðingþjónustu Alþjóðahúss að undanförunu og með því að innleiða slíka fræðslu í menntun þessara starfsstétta.

Túlkun krefst mikillar fagþekkingar og oft fer túlkun fram við mjög erfiðar aðstæður þar sem túlkurinn þarf að hafa fengið ítarlega þjálfun varðandi hlutverk hans og mögulega hagsmunaárekstra milli aðila. Almennt virðist sem ekki sé tekið nægilegt tillit til sérfræðingabekkingar sem er nú þegar til staðar á landinu hjá aðilum eins og Túlka- og Þýðingabjónustu Alþjóðahúss eða hjá Háskóla Íslands þar sem mikil reynsla er í túlka- og þýðingafraeðum, ekki síst í táknmálstúlkun sem hefur margt sameiginleg með samfélagstúlkun. Samstarfsverkefni á milli Alþjóðahúss, Háskóla Íslands og Fjölmenningarsetursins um hagnýtt nám í samfélagstúlkun skilaði miklum árangri og dýrmætri reynslu en fékk því miður lítinn sem engan stuðning af hálfu yfirvalda og ekki var unnt að halda áfram með verkefnið. Nám á framhaldsskólastigi gæti verið góð viðbót fyrir þá túlka sem ekki geta tekist á við nám á háskólastigi en ljóst þykir að jafn ábyrgðarfullt starf og túlkun þarf að byggja á sérfræðiþekkingu í kennslunni. Samhliða því þarf að styrkja námskeið á vegum fagaðila eins og Túlkaþjónustu Alþjóðahúss sem hefur hingað til séð um grunnþjálfun túlka og hefur mikla reynslu af því. Þá þarf að styðja við bakið á fagfélögum eins og Félagi túlka, sem hefur haldið fjölda námskeiða og unnið upplýsingaefni á sviði samfélagstúlkunar.

Varðandi þýðingar á upplýsingum til innflytjenda þá er mikilvægt að koma af stað verkefni í hugtakanotkun, heiti opinberra stofna o.s.frv. á helstu tungumálum sem gæti tryggt samræmi og gæðaeftirlit í þýðingum.

6. Móttaka við búsetuflutning.

Alþjóðahúsið hefur verið virkur þátttakandi í undirbúningi Fjarðarbyggðar að móttökuáætlun fyrir nýja íbúa bæjarfélagsins af erlendum uppruna, m.a. með námskeiði, yfirlestri á gögnum og ráðgjöf. Þá var nýverið í starfsþjálfun starfsmaður þjónustuværs Hafnarfjarðarbæjar, sem mun hafa móttöku nýrra íbúa bæjarfélagsins á sínum snærum.

Þess má geta að Alþjóðahúsið hefur staðið fyrir fræðslu til mjög margra aðila, hvort sem er opinberra eða einkaaðila. Um 5.000 manns fengu fræðslu á síðasta ári. Þar á meðal hefur verið fræðsla til Lögregluskólans. Skólinn hefur kvartað yfir mjög bágunum fjárhag og þess vegna hefur Alþjóðahúsið sent mjög lága reikninga til skólans. Athygli er vakin á þessu, þar sem gert er ráð fyrir því í greinargerðinni að aukin fjölmenningarfræðsla í Lögregluskólanum sé innan fjárheimilda.

Alls fengu 5217 manns fræðslu frá Alþjóðahúsi í formi námskeiða og fyrirlestra árið 2007.

Í þeim hópi var jafnt starfsfólk og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, sem þjálfarar ípróttafélaga, trúnaðarmenn stéttafélaga, fulltrúar stjórnmálaflokka, þingmenn, leiðbeinendur í unglingastarfi og nemendur bæði grunn- og framhaldsskóla.

Starfsmenn sinntu fræðslu víða um land árið 2007 sem öðrum árum fremur einkenndist af ferðalögum. Farið var á eftirtalda staði með námskeið og fræðsluerindi;

Akranes, Akureyri, Borgarnes, Breiðdalsvík, Egilsstaðir, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Garðabær, Hafnarfjörður, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafjörður, Kópavogur Reykjavík, Mosfellsbær, Neskaupsstaður, Ólafsvík, Reyðarfjörður, Reykjanesbær, Úlfjótsvatn, Sauðárkrúkur, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Vestmannaeyjar og Vogar.

7. Ríki og sveitarfélög sem atvinnurekendur.

Gríðarlega mikilvægt er að opinberir aðilar verði fyrirmynd annarra atvinnurekenda hvað varðar aðbúnað, réttindi og tækifæri í starfi eins og fjallað er um í áætluninni. Þar má bæta við úrræðum til þess að hjálpa innflytjendum að efla tengslanet sitt og að sama skapi má huga að því að útbúa kerfi mentora hjá opinberum aðilum til stuðnings innflytjendum í starfi.

8. Atvinnumál og atvinnuþátttaka.

Sérstaklega mikilvægt er að einfalda skráningu og veitingu atvinnuleyfa, til þess að handhafar leyfanna geri sér betur grein fyrir réttarstöðu sinni. Þá er mikilvægt að tryggja jafnrétti hvað varðar vinnumarkaðsaðgerðir og jafnframt gefst færi á sérstökum aðgerðum í fræðslu til þess að gera fólk af erlendum uppruna betur í stakk búið til að takast á við ólík hlutverk á vinnumarkaði. Þá má benda á það frumkvæði sem Alþjóðahúsið átti þegar Háskólinn í Reykjavík hélt námskeið fyrir frumkvöðla. Námskeiðið var haldið að beiðni Alþjóðahúss og það sá einnig um að koma námskeiðinu á framfæri við innflytjendur. Á námskeiðinu voru um 35 manns frá 27 löndum.

9. Skattamál.

Sérstaklega mikilvægt er að einfalda skattskil útlendinga, til þess að fólk með annað móðurmál en íslensku, geti orðið sem fyrst sjálfbjarga um skattamál sín. Benda má á langa reynslu Alþjóðahússins af skattaráðgjöf til innflytjenda. Nýverið var haldinn skattadagur í samstarfi við Lögréttu, félag laganema við HR og Deloitte. Þá komu um 250 manns með um 500 skattaskýrslur. Auk þess hefur lögfræðingur Alþjóðahúss aðstoðað mikinn fjölda innflytjenda með skattaskýrslur. Þá hefur verið komið ýmsum upplýsingum á framfæri við innflytjendur frá upphafi, í samvinnu við skattayfirvöld og einnig án atbeina þeirra.

10. Menntamál.

Menntakerfið gegnir stóru hlutverki í að undirbúa fólk undir þátttöku í samfélaginu. Það má segja að hin nýja áskorun menntakerfisins, sé jafnrétti til náms óháð uppruna. Í áætluninni er tekið mið af þessu og ber sérstaklega að fagna því. Að sama skapi er mikilvægt að efla þátttöku barna af erlendum uppruna í skóla- eða tómstundastarfi sem á sér stað eftir að hefðbundnu skólahlaldi lýkur á daginn. Það skiptir ekki síður máli varðandi félagsmótun og félagsþroska.

Einnig er ekki hægt að leggja of mikla áherslu á fræðslu til ungs fólks í menningarfærni og tækifærið til að auka skilning á manneskjunni verður seint vanmetið. Lykillinn að því að halda í hið stéttlausa samfélag sem hefur þróast á Íslandi, er menntakerfið og samspil þess við foreldra. Þá þarf að veita aukin tækifæri til viðhalds móðurmáls þeirra sem hafa íslensku ekki að móðurmáli.

11. Heilbrigðisþjónusta.

Hægt er að taka undir flest það sem kemur fram í kaflanum um heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að útbúa verklagsreglur um notkun á túlkun. Mikilvægt er að það sé ekki falið einstaklingsbundnu mati starfsmanna hvort það sé rétt að pantu túlk eða ekki. Lög um réttindi sjúklunga eru skýr hvað varðar réttindin, þess vegna þarf sjúklingur ávallt að njóta vafans. Alltof mörg dæmi eru um að sjúklingur hafi ekki fengið túlk, vegna þess að starfsmanni hafi ekki fundist það við hæfi, þrátt fyrir að sjúklingur hafi hvorki skilið íslensku né ensku. Slíkt er óásættanlegt, líkt og það væri óásættanlegt ef heyrnarlaus sjúklingur fengi ekki táknmálstúlk vegna þess að starfsmanni hafi ekki þótt það við hæfi.

Varðandi þjálfun túlka, þá má benda á verkefni sem Alþjóðahúsið hefur verið að vinna, sem varðar leiðbeiningar til túlka, vegna túlkunar í heilbrigðisþjónustu. Útbúið var leiðbeiningarefni, með myndum, á 10 tungumálum og hefur verið nýtt í námskeið. Til stendur að gefa efnið út. Þá hafa verið haldin námskeið við og við í gegnum árin um túlkun í heilbrigðisþjónustu. Einnig hafa verið haldin námskeið fyrir notendur túlkajónustu, bæði starfsfólk í heilbrigðisgreinum og öðrum greinum, s.s. í félagsþjónustu, í fjölskyldumálum eins og málefnum barna og í málefnum fatlaðra.

Jafnframt er brýnt að endurskoða almannatryggingalöggjöf með tilliti til elli- og örorkulífeyris. Til þess að fá fullan lífeyri, þarf viðkomandi að hafa búið hér á landi í 40 ár. Ef fólk hefur t.a.m. tekið fullan þátt á vinnumarkaði um margra ára skeið, þá ættu sanngirnissjónarmið að mæla með því að viðkomandi fengi meiri aðstoð en gerist í dag.

15. Íslenskunám fyrir fullorðna.

Taka má undir það sem kemur fram í greinargerðinni, sérstaklega þess að litið verði til mismunandi námskeiða, þegar tekið er tillit til styrkveitinga. Benda má á að námskeið, sem fer fram á vinnustað, hefur oftast en ekki í för með sér meira álag fyrir kennara en á hefðbundnum opnum námskeiðum og því þarf að greiða kennara hærra þóknun fyrir slík störf. Þá er hvatt til að áfram verði litið til þess að efla kennslu fyrir jaðarhópa, þ.e. ungt fólk sem kemur seint til landsins, þá sem eru á vinnumarkaði, ólæsa og t.a.m. heyrnarlausra innflytjenda sem hafa ekki lært íslenskt tákni.

16. Gegn fordómum og mismunum.

Alþjóðahúsið fagnar því að ríkisstjórnin hafi í hyggju að efna til átaks gegn fordómum og staðalmyndum á grundvelli uppruna. Það er jafnframt fagnaðarefni að slíkt eigi að gera í samstarfi við helstu hagsmunaaðila á þessu sviði og þá sem hafa reynslu í að fást við fordóma. Það þarf hins vegar að huga sérstaklega að framkvæmd á því sviði. Eðlilegt að auglýsa eftir áhugasömum þátttökuaðilum og velja síðan úr því hverjir verði samstarfsaðilar. Þess má geta að Alþjóðahúsið hefur staðið fyrir fjölmörgum verkefnum á þessu sviði. Átaksverkefni á síðasta ári voru tvö:

"Ég er þetta fólk"

Í aðdraganda alþingiskosninganna vorið 2007 bar nokkuð á neikvæðri umræðu í garð innflytjenda á Íslandi. Ákveðið var að bregðast við þessu með því að koma fram með nokkur slagorð og prenta barmmerki og framleiða boli og reyna með því að hafa jákvæð áhrif á umræðuna. Eftirfarandi slagorð urðu fyrir valinu: "Ég er þetta fólk", "Ég er af erlendum uppruna", "Ég er vinnuafli", "Ert þú þessi Erlendur?". Framleidd voru um 3.000 barmmerki og 500 bolir með þessum áletrunum. Verkefnið fékk góðar viðtökur og vakti töluverða athygli.

Barmmerki í samvinnu við atvinnulífið

Haustið 2007 varð töluverð umræða í fjölmiðlum um íslenskukunnáttu afgreiðslufólks og innflytjenda almennt. Einkennist umræðan af neikvæðni framan af og bærust fréttir af ókurteisi viðskiptavina í garð afgreiðslufólks af erlendum uppruna í tengslum við þetta. Alþjóðahúsið setti sig í samband við ASÍ, VR og Eflingu og í framhaldi var haft samband við Samtök verslunar og þjónustu og ákveðið að framleiða barmmerki til þess að stuðla að meiri jákvæðni og skilning í garð þeirra sem voru að læra íslensku. Átaksverkefninu var hleypt af stökkunum skömmu áður en jólaverslun hófst og vakti töluverða athygli í fjölmiðlum. Framleidd voru 10.000 barmmerki, með átta áletrunum, s.s. "Ég er að læra íslensku", "Hvernig á að fallbeygja kýr?" o.fl.

Fyrr var getið um fræðslu Alþjóðahússins, en á árinu 2007 fengu alls 5.217 manns á öllum aldri fræðslu í formi námskeiða og fyrirlestra um allt land. Í þeim hópi var jafnt starfsfólk og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, þjálfarar íþróttafélaga, trúnaðarmenn stéttafélaga, fulltrúar stjórnmalaflokka, þingmenn, leiðbeinendur í unglíngastarfi og nemendur bæði grunn- og framhaldsskóla. Þar er það einkum unga fólk og þeir sem starfa á þeim vettvangi, sem eiga að njóta forgangs.

Alþjóðahús 2007 - ársyfirlit

Tilgangur þessa yfirlits er að veita innsýn í starfsemi Alþjóðahúss á árinu 2007. Reynt hefur verið að draga út helstu þætti, verkefni og viðburði, en þessi skýrsla er þó engan veginn tæmandi heimild um starfsemi hússins.

Breytingar á rekstri Alþjóðahúss

Í september 2006 voru breytingar gerðar á eignarhaldi Alþjóðahússins. Nýr rekstraraðili sem tók var sjálfseignarstofnunin Kosmos ses. Þrjú ár þar á undan var Alþjóðahúsið í eigu Reykjavíkurdeildar Rauða Kross Íslands en með þjónustusamning við Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð og Seltjarnarnes. Þessi sveitarfélög voru enn fremur stofnaðilar að Alþjóðahúsi ásamt Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands. Framangreind sveitarfélög hafa veitt framlög til starfseminnar samkvæmt þjónustusamningum og tóku nýir þjónustusamningar gildi til eins árs frá byrjun árs 2008. Engar sérstakar breytingar urðu á rekstri eða starfsemi hússins eftir að eignarhaldi var breytt.

Í stjórn Kosmos sitja Hákon Gunnarsson, Katla Þorsteinsdóttir og Tatjana Latinovic, þau sömu sitja í stjórn Alþjóðahússins, en auk þeirra á Toshiki Toma sæti í stjórn hússins.

Starfsmenn

Í lok árs 2007 eru 18 stöðugildi við Alþjóðahúsið, 3 í túlkajónustu, 2 í fræðsludeild, 4 í íslenskukennslu, upplýsingafulltrúi, 2 ráðgjafar, móttökufulltrúi, markaðsfulltrúi, lögfræðingur, bókarí og framkvæmdastjóri. Húsvörðurinn, sem sér einnig um þrif er á tímakaupi.

Starfsmenn Alþjóðahúss í lok árs 2007:

Ágústa Marisdóttir bókarí, Amal Tamimi fræðslufulltrúi, Áslaug Jóhannesdóttir markaðsfulltrúi, Barbara Jean Kristvínsson ráðgjafi, Luciano Dutra ráðgjafi, Mirosław Luczynski, móttökufulltrúi, Einar Skúlason framkvæmdastjóri, Sólveig Jónasdóttir, verkefnisstjóri fræðsludeildar, Anna Katrín Þorvaldsdóttir, fræðsla og íslenskukennari, Raúl Saenz fulltrúi í túlkajónustu, Monika Kowalewska, fulltrúi í túlkajónustu, Halldóra Þorlákssdóttir yfirkennari, Helga Ólafs upplýsingafulltrúi, Ingibjörg Hafstað kennslustjóri íslenskudeild, Íris Björg Kristjánsdóttir verkefnastjóri í íslenskudeild og ritstjóri vefsíðu og póstlista, Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur, María Jolanta Polanska, fulltrúi í túlkajónustu, Ufuoma Tarimo, húsvörður og Sabine Leskopf, verkefnisstjóri túlkajónustu.

Starfsemi upplýsinga- og útgáfudeildar

Upplýsinga- og útgáfudeild sér um heimasíðu, blað Alþjóðahúss, tölvupóstlistasendingar, viðburði, ritstjórn á bæklingum fyrir Alþjóðahús og aðrar stofnanir, samskipti við fjölmiðla og menningarfélög, tengslamyndun og þátttöku í þjóðmálaumræðu.

Viðburðir og tengslamyndun

Þjóðahátíð

Alþjóðahús stóð fyrir Þjóðahátíð í tengslum við Bjarta daga í Hafnarfirði. Þjóðahátíðin var haldin í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði og tóku fulltrúar 28 þjóða þátt og meira en 10 aðrir aðilar sem sinna margs konar þjónustu við innflytjendur. Heiðursgestir hátíðarinnar voru Gerard Lemarquis og Toshiki Toma en Bryndís Schram stýrði hátíðinni af mikilli röggsemi. Mikil aðsókn var að hátíðinni og stöðugur straumur fólks allan daginn að skoða það sem fyrir augu bar í hinum fjölmörgu og skrautlegu þjóðabásum og ekki síður til að fylgjast með fjölbreyttum skemmtiatriðum á sviðinu á sýningarsvæðinu. Styrktaraðilar voru Landsbankinn og Alcan í Straumsvík. Næsta Þjóðahátíð verður aftur haldin í Hafnarfirði 31. maí sem hluti Björtum dögum, lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar en Hafnarfjarðarbær fagnar einmitt 100 ára afmæli þessa helgi.

Söngvakeppnin Cantare

Alþjóðahús stóð fyrir söngvakeppni hinna mörgu tungumála í júnímánuði sem er hluti af Björtum dögum, lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar. Fjöldi manns af ólíkum þjóðernum tók þátt en reglur keppinnar eru þær að ekki má syngja á ensku.

Sumarferðir Alþjóðahúss

Alþjóðahús stóð fyrir sumarferðum líkt og árið í fyrra til að sporna við félagslegri einangrun innflytjenda og auka samskipti þeirra við innfædda. Farið var m.a. í hvalaskoðun, fjallgöngu o.fl. Góð þátttaka var í ferðunum og í lok ágúst var haldið lokakvöld á Café Cultura og boðið upp á grillmat og danskenslu. Ferðirnar voru ýmist ókeypis eða ódýrar. Áætlað er að endurtaka leikinn með hækkandi sól.

Menningarnótt

Í tilefni Menningarnætur var dagskrá fyrir unga sem aldna í porti Alþjóðahúss. Fyrr um daginn var veggurinn í porti Alþjóðahúss málaður af ungum graffitilistamönnum og fylgdust gestir og gangandi með hvernig verkinu leið. Síðar um daginn hófust tónleikar sem stóðu fram eftir kvöldi.

Menningarhátíðir

Alþjóðahús hefur liðsinnt erlendum menningarfélögum við hátíðahald og séð m.a. um fréttatilkynningar, fjölmiðlasamskipti og kynningamál hvers konar.

Aðrir viðburðir og samstarf

Alþjóðahús hefur staðið fyrir fjölda minni viðburða, eitt og sér eða í samstarfi við aðrar hátíðir eða stofnanir. Alþjóðahús hélt Heimsdag barna hátíðlegan í samstarfi við Kramhúsið og Gerðuberg en Heimsdagur barna er hluti af Vetrarhátíð Reykjavíkur.

Viðurkenning Alþjóðahúss – Vel að verki staðið

Alþjóðahús veitti viðurkenningu í árslok fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda og samfélagsins í þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. Veittar voru viðurkenningar fyrir lofsverða frammistöðu í þremur flokkum; til einstaklings af íslensku bergi brotinn sem hefur lagt sitt af mörkum til innflytjenda á Íslandi, en þeir voru að þessu sinni tveir, útvarpsmennirnir Ævar Kjartansson og Hjálmar Sveinsson, til einstaklings af

erlendum uppruna sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins sem var að þessu sinni Luca Kostic og til fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka fyrir framlag til málefna innflytjenda og fjölmenningsamfélagsins, en það var Efling – stéttarfélag sem hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Forseti Íslands afhenti viðurkenningarnar við hátíðlega athöfn í Alþjóðahúsi.

Fjölmiðlun og útgáfa

Blað Alþjóðahúss

Blað Alþjóðahúss, Eins og FÓLK er flest, er gefið út fjórum sinnum á ári og er dreift ókeypis til þeirra sem eftir því óska. Áskrifendur blaðsins eru um 3000 talsins. Einnig er blaðið sent á fjölda stofnana, skóla, heilsugæslustöðva, bókasafna o.s.frv. Blaðinu er dreift um stór- Reykjavíkursvæðið og alla landsbyggðina. Auk þess er blaðinu dreift í Alþjóðahúsinu sjálfu og við önnur tækifæri, þegar við á. Haustið 2006 tókust síðan samningar við verslanakeðjurnar Bónus og Krónuna og er blaðinu dreift í allar verslanir þeirra á landinu og liggur á afgreiðslukössum í nokkra daga eftir að það kemur út. Upplagið er 15 þúsund eintök. Prentun og dreifing er fjármögnuð með sölu auglýsinga. Blaðið inniheldur mikilvægar upplýsingar fyrir útlendinga á Íslandi og er mestmegnis á íslensku, ensku og pólsku, auk annarra tungumála.

Heimasíða

Heimsóknir á heimasíðu Alþjóðahússins, www.ahus.is, voru um 160.000 á árinu 2007, en voru um 45.000 á árinu 2006. Aukningin á milli ára á sér skýringar í því að ný vefsíða var tekin í notkun um áramótin og leitarskilyrði jafnframt skerpt. Markmið vefsíðunnar eru annars að auðvelda aðgengi að upplýsingum og stefnt er að því að hafa vefsíðuna á 12 tungumálum, en hún er nú þegar á 10 tungumálum. Vefsíðan gegnir mikilvægu hlutverki í aðgengi að upplýsingum og auðveldar einstaklingum og stofnunum að nálgast upplýsingar um samfélagið.

Tölvupóstlisti Alþjóðahúss

Umsvif tölvupóstlista Alþjóðahússins aukast með hverju ári sem líður. Sendir eru út póstar með stuttum skilaboðum um ýmislegt sem viðkemur starfsemi Alþjóðahúss eða málefni sem snerta starf þess, venjulega innan þess geira er snertir fjölmenningu eða alþjóðleg samskipti. Fréttir og tilkynningar eru sendir út á póstlistann einu sinni til tvisvar í viku, í byrjun viku með upplýsingum um atburði vikunnar framundan og oft er einnig sent um atburði helgarinnar sérstaklega. Á tölvupóstlista Alþjóðahúss eru um 1400 manns.

Ársskýrsla

Alþjóðahús gaf út ársskýrslu fyrir árið 2006 í júní 2007. Skýrslan, sem er 40 síður, skýrir frá helstu starfsemi hússins það árið og er ríkulega myndskreytt ljósmyndum frá starfsemi liðins árs.

Útvarp fyrir innflytjendur

Hafnarfjarðarbær, í samstarfi við fjölmiðladeild Flensborgarskólans í Hafnarfirði og Alþjóðahús, hóf útsendingar í útvarpi fyrir innflytjendur í Hafnarfirði haustið 2006. Útsendingar hófust á tíðninni 96,2 sem tók til Hafnarfjarðar en vorið 2007 var útsendingarsvæðið stækkað og nær nú til allra á höfuðborgarsvæðinu." Útvarpað er 30 mínútur í senn 4 sinnum í viku á allt að 13 tungumálum en pólska, rússneska, tagalog og enska verða megintungumálin, en efnið er endurflutt á

sunnudögum. Útvarpsþáttunum eru ætlað að auka upplýsingaflæði og fræðslu til erlendra íbúa á höfuðborgarsvæðinu og tryggja betur aðlögun þeirra að íslensku samfélagi.

Fjölmiðlasamskipti

Upplýsingafulltrúi Alþjóðahúss gegnir fjölpættum fjölmiðlasamskiptum. Bæði er um að ræða ritun og sendingu á fréttatilkynningum, sem og eftirfylgni, bæði vegna mála innanhúss, sem og viðburða utanhúss í samstarfi við Alþjóðahús. Fulltrúinn veitir bæði fjölmiðlum upplýsingar um fréttatengt efni, upplýsingar um viðmælendur og vísar þeim áfram þegar þurfa þykir. Þá er nokkuð um viðtöl í hinum ýmsu miðlum þar sem markmiðið er að vekja máls á málefnum innflytjenda og verkefnum sem Alþjóðahús stendur fyrir. Alls voru 248 fréttir eða greinar í íslenskum fjölmiðlum þar sem Alþjóðahúsið kom fyrir samkvæmt Fjölmiðlavaktinni. Þær skiptust í 209 greinar í prentmiðlum og í 39 fréttir í ljósvakamiðlum.

Ráðgjöf og móttaka

Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur
Barbara Kristvinsson, ráðgjafi
Luciano Dutra, ráðgjafi
Miroslaw Luczynski, starfsmaður í móttöku

Í Alþjóðahúsi er boðið upp á almenna og lögfræðilega ráðgjöf til einstaklinga, svo og til fyrirtækja og stofnana vegna mála er snerta innflytjendur. Almenna ráðgjöfin og lögfræðiráðgjöfin geta ýmist falist í upplýsingum um íslenskt réttarkerfi, samfélagið, aðstoð við fólk við að ná fram rétti sínum eða að beina fólki til annarra aðila. Heimsóknir, símtöl og tölvupóstar með fyrirspurnum til starfsmanns í móttöku, ráðgjafa, og lögfræðings voru alls um 15.000 á árinu 2007. Fyrirspurnir halda áfram að aukast en að meðaltali berast um 100 símtöl, heimsóknir og tölvupóstar á dag sem er 100% aukning frá árinu 2006. Nokkrar breytingar hafa orðið á efni erinda til ráðgjafar, en á árinu 2006 vörðuð flest erindi atvinnu- og dvalarleyfi og atvinnumál almennt. Á árinu 2007 fjölluðu hins vegar flest erindi um skilnaðarmál og önnur fjölskyldumál og skaðabótakröfur. Einnig hafa borist margar fyrirspurnir frá íbúum evrópska efnahagssvæðisins um millifærslu félags- og tryggingaréttinda þeirra milli landa, bæði vegna flutninga fólks hingað til lands en einnig vegna flutninga fólks úr landinu.

Ráðgjöf og upplýsingar eru veittar til einstaklinga, bæði útlendinga og Íslendinga, atvinnurekenda, stofnana, lögmanna, félagsþjónustu, lögreglu, alþingismanna o.fl.

Starf ráðgjafa og lögfræðinga eru mjög víðtækt og þeir hafa mikið samstarf við allar deildir innanhúss. Sem dæmi má nefna þátttaka í námskeiðahaldi, kennslu, þátttöku í ritstjórn, ýmis konar útgáfu, þýðingar, greina- og pistlaskrif, útvarpsþáttagerð og seta í ýmsum vinnuhópum og samráðshópum. Lögfræðingur tekur ennfremur þátt í ýmis konar erlendu samstarfi.

Fræðsludeild

Starfsmenn fræðsludeildar á árinu 2007 voru:
Amal Tamimi, fræðslufulltrúi, í fullu starfi starfi allt árið.

Anna Katrín, fræðslufulltrúi í hálfu starfi frá september til desember.
 Anna Tara Gresham Edwards , fræðslufulltrúi, í starfi vegna sumarverkefna.
 Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri, í starfi frá byrjun janúar og fram í febrúar.
 Raul Saenz, starfsmaður í túlkadeild, vegna sumarverkefna.
 Sandra Maria Steinarsdóttir Pólanski, fræðslufulltrúi, í starfi vegna sumarverkefna.
 Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri, í starfi frá miðjun janúar.
 Þá voru aðrir starfsmenn hússins einnig verða kallaðir til að halda einstaka fyrirlestra um sérstök málefni, s.s. Sabine Leskopt, verkefnastjóri túlka- og þýðingarþjónustu, Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur Alþjóðahúss, Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri íslenskudeildar, Barbara Kristvinsson, ráðgjafi og Einar Skúlason, framkvæmdastjóri. Auk aðila utan hússins s.s. Renuka Perera, Jacqueline da Silva og Irene

Alls fengu 5217 manns fræðslu frá Alþjóðahúsi í formi námskeiða og fyrirlestra árið 2007.

Alls 2007

jan	365
feb	489
mars	948
apríl	274
maí	429
júní	522
júlí	252
ágúst	46
sept	232
okt	627
nóv	758
des	275

Alls 5217

Í þeim hópi var jafnt starfsfólk og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, þjálfarar íþróttafélaga, trúnaðarmenn stéttafélaga, fulltrúar stjórnmalaflokka, þingmenn, leiðbeinendur í unglingastarfi og nemendur bæði grunn- og framhaldsskóla.

Þeir skólar sem nutu fræðslu auk grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi (Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Vogar, Reykjanesbær o.fl.) voru m.a. Vinnuskólar Reykjavíkur og Kópavogs, Hólaskóla, Tollskólinn, Lögregluskólinn, Háskólinn, Háskólinn í Bifröst og Kennaraháskóla Íslands þar sem nemendur eru af öllu landinu.

Starfsmenn sinntu fræðslu víða um land árið 2007 sem öðru fremur einkenndust af ferðalögum. Farið var á eftirtalda staði með námskeið og fræðsluerindi; Akranes, Akureyri, Borgarnes, Breiðdalsvík, Egilsstaðir, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Garðabær, Hafnarfjörður, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafjörður, Kópavogur Reykjavík, Mosfellsbær, Neskaupsstaður, Ólafsvík, Reyðarfjörður, Reykjanesbær, Úlfjótuvatn, Sauðárkrókur, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Vestmannaeyjar og Vogar.

Íslenskukennsla Alþjóðahúss

Þrjú starfsmenn gegndu fullu starfi í íslenskudeildinni á síðasta ári og einn seinni hluta árs:

Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir, yfirkennari

Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri

Íris Björg Kristjánsdóttir, verkefnastjóri

Luciano Dutra, samfélagsfræðsla og starfsþjálfun flóttakvenna
15-20 íslenskukennarar (verktakar)

Gríðarleg aukning var á starfsemi íslenskukennslu Alþjóðahúss árið 2007. Það má segja að „deildin“ hafi fest sig í sessi sem menntastofnun með öllu tilheyrandi, kennararáðningum, kennaraþjálfunum, skipulagi á námskeiðum, forföllum, launamálum ásamt ýmsu öðru.

Meðal verkefna deildarinnar voru:

Starfstengd íslenska:

Tæplega 90 námskeið voru haldin í starfstengdri íslensku árið 2007. Námskeiðin voru 30 - 50 kennslustundir hvert. Meðal viðskiptavina deildarinnar voru: Prentmet, Landsbanki Íslands, Marel, Reykjavíkurborg/þjónustumiðstöðvar, leikskólar, skólar, ÍTR, Droplaugarstaðir, Bónus, CCP, Vífilfell, Samskip, 1919 hótél, Hótél Klöpp, B og G verktakar, Sólning, Hótél Saga, Hagkaup, Plastprent, ISS, Bananar, As/Heilsustofnun, Sjálfsbjargarheimilið, Garðabær, Hrafnista, Ístak, Ferskar kjötvörur, Grund, Iðan, Hagvagnar, Aðföng, Gnitakór, Reykjavíkurborg, Ísafold, Hýsing, Eykt, Hótél Reykjavík Centrum, SJ Trésmiðja, ÁTVR, Matfugl, Magnús og Steingrímur.

Samfélagstengd íslenska:

- Flóttamannaverkefni: íslenskukennsla, samfélagsfræðsla og starfsþjálfun

Alþjóðahús gerði samning við Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða um móttökuáætlun kolumbískra flóttakvenna veturinn 2007-2008. Hlutverk Alþjóðahúss var í margþætt. A) að sjá um íslenskukennslu fyrir fullorðnu konurnar, b) sjá um samfélagsfræðslu og kynna íslenskt samfélag fyrir hópnum, c) að sjá um starfsþjálfun flóttamannanna og undirbúning undir þátttöku á íslenskum atvinnumarkaði d) veita íslenskum skólum ráðgjöf í tengslum við skólagöngu barnanna á leikskóla- grunn- og framhaldskólastigi. Íslenskudeildin sérhannaði námsefni fyrir hópinn með tilliti til aðstæðna flóttafólks fyrstu mánuðina í nýju landi og var tekið mið af öllum ofangreindum þáttum við hönnun námsefnisins en megin áhersla var lögð á á að gera konunum kleift að eiga í almennum samskiptum á íslensku í daglegu lífi, og almenn menningarfærni á íslensku. Menningarfræðsla og menningarfærni var stór hluti íslenskuþjálfunarinnar og var lögð áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda og auka sjálfstraust þeirra í nýju landi, gefa þeim innsýn í íslenskt samfélag og hvernig unnt er að bjarga sér í samskiptum til dæmis við skóla barna þeirra, hvernig unnt er að afla sér upplýsingar um félagslega þjónustu sem samfélagið býður upp á, um réttindi og skydur þegna landsins svo fátt eitt sé nefnt. Eins og í allri kennslu sinni lagði deildin sérstaklega upp úr persónulegri nálgun og einstaklingsmiðaðri kennslu. Ein fjölskylda kom til landsins í júlí en hinir í byrjun október. Íslenskukennslan stendur fram í júní 2008. Eins og gefur að skilja var flóttamannverkefnið risastórt af vöxtum og tvímælalaust stærsta einstaka verkefnið sem deildin hefur tekið að sér. Verkefnið hefur gefið öllum sem að því komu dýrmæta reynslu bæði í tengslum við móttöku flóttamanna og lengra námskeiðshalds en íslenskunámskeiðin okkar eru almennt.

- Konur utan vinnumarkaðar

Námskeið í íslensku fyrir konur utan vinnumarkaðar. Áhersla er lögð á læsi almennt og læsi á latneskt letur og menningarfærni íslensku samfélagi.

- 16-18 ára unglingar

Námskeið í íslensku fyrir erlend ungmenni á aldrinum 16 - 18 ára. Námskeiðið var sérstaklega fyrir ungmenni sem ekki geta notfært sér skólaúrræði sem íslenskt skólakerfi býður upp á. Áhersla var lögð á skóla- og fagmál menningarfærni

- Foreldranámskeið í Hreyfilandi

Námskeið í íslensku fyrir foreldra með lítil börn. Á námskeiðinu verða kennd algeng orð sem tengjast smábörnum, orðaforði sem tengist algengustu ungubarnasjúkdómum, samskiptum og tungumáli í heilbrigðisþjónustu. Samfélags- og menningarfræðsla, leikir og söngur er tengt inn í námsefnið.

Námsefnisgerð:

Námsefnisgerð hefur verið stór hluti af verksviði íslenskudeildarinnar. Stöðugt var verið að hanna nýtt námsefni og betrubæta og aðlaga að þörfum hvers hóps fyrir sig. Alþjóðahús hefur nánast eingöngu notast við sérhannað námsefni með sérstaka áherslu á daglegt mál og samskipti í nýju landi.

Þjálfun kennara:

Vegna skorts á menntuðum kennurum í íslensku sem öðru tungumáli í fullorðinsfræðslu hefur deildin tekið að sér umfangsmikla þjálfun kennara í stéttinni. Starfsfólk íslenskudeildar skipulagði námskeið með styrk frá Starfsmenntasjóði fyrir eigin kennara sem haldið var tvisvar á Úlffljótuvatni yfir helgi. Tveir kennarar fengu Grundtvig styrk til að fara til Írlands á sérhannað námskeið fyrir kennara á þessu sviði. Tveir starfsmenn fóru á námskeið í kennslu fyrir ólæsa einstaklinga á Kýpur og tveir starfsmenn kynntu sér aðstæður í Finnlandi og komu á samvinnu við þjálfun kennara frá Íslandi árið 2008. Starfsfólk deildarinnar hitta kennara Alþjóðahúss reglulega í símenntun.


Ráðgjöf:

Starfsfólk íslenskudeildar er í samstarfi við fjölmargar stofnanir og fyrirtæki í tengslum við íslenskukennslu og tengd málefni. Til deildarinnar koma margar fyrirspurnir er varða íslenskukennslu bæði fyrir börn, unglunga og fullorðna frá öllu landinu. Kennslustjóri og sérfræðingur deildarinnar, Ingibjörg Hafstað, tekur að sér ýmis verkefni og ráðgjöf á sviði íslenskukennslu og innflytjendamála. Sem dæmi má nefna að hún tekur að sér að vera tengiliður milli starfsfólks fyrirtækja, verkstjóra þeirra og aðra yfirmenn, býður upp á námskeið fyrir íslenskt samstarfsfólk nemenda í að einfalda mál sitt í samskiptum sínum við fólk sem talar takmarkaða íslensku, er með ráðgjöf fyrir skóla á öllum stigum um móttöku nemenda og nálgun í námsgreinakennslu á einfaldri íslensku og hvaða námsgreinar er heppilegt að kenna á meðan nemendur eru að læra undirstöðuatriði íslenskunnar, er í sambandi við allnokkurn fjölda nema á framhaldskóla- og háskólastigi í tengslum við ritgerðarsmið um íslensku sem annað mál. Einnig heldur hún reglulega fyrirlestra í KÍ og HÍ. Kennslustjóri hefur skrifað námsefni í fiskvinnslu á aðlöguðu máli fyrir sjávarútvegsráðuneyti sem gerir erlendu starfsfólki í fiskvinnslu keift að ráða við launatengt námskeið fyrir fiskvinnslufólk, skrifað faggreinar í tímarit KÍ.

Túlkapjónustan

Starf Túlka- og þýðingapjónustu á árinu hefur aftur einkennst af aukningu í verkefnafjölda en mikil aukning var í stærri þýðingaverkefnum t.d. bæklingar fyrir Lýðheilsustöð.

Túlka- og þýðingapjónusta Alþjóðahúss



	2003	2004	2005	2006	2007
Símatúlkanir	198	164	205	397	371
Þýðingar	308	346	463	1139	1399
Túlkanir	2774	2430	2850	3630	4137
Samtals	3280	2940	3518	5138	5907

Verkefnaskipting

Stöðugildi: 3

Verkefnisstjóri: Sabine Leskopf (starfshlutfall: 100%), starfssvið: bókhald, stærri þýðingaverkefni, ráðning nýrra túlka, stærri þýðingaverkefni, kynningarstarf og skipulag námskeiða

Þýðingapjónusta: Rául Saenz (100%)

Túlkapjónusta: Maria Jolanta Polanska, Monika E. Kowalewska (50%)

1. Menntun túlka

- Þátttaka í tilraunastarfsemi í hagnýtu námi í samfélagstúlkun ásamt HÍ, Fjölmenningssetri á Vestfjörðum og Háskólasetri Vestfjarða. Verkefni var hætt þar sem ekki fékkst fjarmögnun.

- 3 grunnnámskeið fyrir nýja túlka
- Aukið samstarf við Félag túlka, haldnir voru fjölmargir fræðslufundir með fulltrúum stofnanna sem og dómtúlka. Undirbúningur að opnun vefsíðu félagsins stendur yfir.

2. Fræðsla fyrir viðskiptavinum

- Uppfærsla á bæklingi um þjónustu og samskiptareglur
- Samstarf við viðskiptavinum var aukið í gegnum fyrirlestra og kynningar, sérstaklega í sambandi við flóttamannaverkefni.
- Undirbúningur á umfangsmiklu námskeiði fyrir notendur

3. Dómtúlkun og skjalapýðingar:

Á fundi með deildarstjóra í Dómsmálaráðuneyti var náð samkomulagi um eftirfarandi vinnureglur:

- Í þeim tungumálum þar sem löggiltir skjalapýðendur eru starfandi en ekki á vegum Alþjóðahúss verður vísað til Félags löggildra dómtúlka og skjalapýðenda.
- Í þeim tungumálum þar sem enginn löggildur skjalapýðandi er starfandi eru pýðingar af viðurkenndum pýðendum með stimpli Alþjóðahúss teknar gildar af viðkomandi stofnunum og hefur það fyrirkomulagi verður kynnt fyrir stofnunum eins og Útlendingastofnun eða Þjóðskrá.

Annað sem gerðist á árinu

- Alþjóðahúsið hefur undirritað rammisamning við Ríkiskaup vegna túlka- og pýðingapjónustu fyrir allar stofnanir ríkisins auk þeirra sveitarfélaga sem eru áskrifendur að rammisamningum ríkisins.
- Mikil samkeppni er á markaðnum fyrir almennar pýðingar. Unnið var að kynna sérstöðu Alþjóðahúss sem getur boðið viðskiptavinum einnig ráð í upplýsingagjöf til innflytjenda. Sem dæmi má nefna vinnuhópur á vegum Tryggingastofnun Ríkisins sem verkefnisstjóri tók þátt.
- Þátttaka í undirbúningi að Alþjóðageðheilbrigðisdegi og fyrirlestur á tilheyrandi ráðstefnu.
- Túlkun í gegnum fjarfundabúnað, tæki kemur reyndar ekki í húsið fyrr en árið 2008 vegna plássleysis í húsinu en hingað til hefur verið hægt að nota búnaðinn hjá samstarfsaðilum. Árið var hins vegar nýtt til að kynna sér reynslu erlendis og prófa fjarfundatúlkun við ymsar aðstæður. Reynslan hefur verið mjög jákvæð, aðferðin hentar bæði fyrir hefðbundin viðtöl eins og foreldraviðtöl en líka fyrir túlkun í sérstaklega erfiðum aðstæðum eins og barnaverndarmálum. Á minni stöðum á landsbyggðinni þekkist fólk meira innbyrðis og er því meira um að kunningjar eða ættmenn túlki fyrir viðkomandi. Það getur reynst varasamt vegna þess að hlutleysi er grundvöllur túlkastarfsins en oft er um að ræða viðkvæm málefni þar sem mikið er í húfi bæði fyrir einstaklingana sjálfa og stofnanir. Fjarlægðin sem skapast við þessar aðstæður eykur hlutleysi og fagmennsku sem skiptir svo miklum máli við túlkun. Tilboð frá Nýherja felst í því að bjóða viðskiptavinum Alþjóðahúss 20% afsláttur við kaup á slíkum tæki.

Vinnuáætlun:

- Áframhaldandi samstarf með Félag túlka
- Framhaldsnámskeið í síma- og fjarfundatúlkun
- Þátttaka í undirbúningi af námi á framhaldsskólastigi á vegum RK Akranes, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Framhaldsskóla Vesturlands.
- Aukin þjónusta á landsbyggðinni, þ.e. fræðsla fyrir þar starfandi túlka og viðskiptavini og kynning á fjarfundatúlkun.
- Samstarf við Alþjóðahús á Norðurlandi um túlkajónustu þar.
- Aukið samstarf við viðskiptavini og fleiri kynningar fyrir notendur.
- Samstarf við þá aðila sem standa að menntun notenda.
- Aukið kynningarstarf á þjónustunni meðal einkafyrirtækja.

Ýmis verkefni

"Ég er þetta fólk"

Í aðdraganda alþingiskosninganna vorið 2007 bar nokkuð á neikvæðri umræðu í garð innflytjenda á Íslandi. Ákveðið var að bregðast við þessu með því að koma fram með nokkur slagorð og prenta barmmerki og framleiða boli og reyna með því að hafa jákvæð áhrif á umræðuna. Eftirfarandi slagorð urðu fyrir valinu: "Ég er þetta fólk", "Ég er af erlendum uppruna", "Ég er vinnuafll", "Ert þú þessi Erlendur?". Verkefnið fékk góðar viðtökur og vakti töluverða athygli.

Barmmerki í samvinnu við atvinnulífið

Haustið 2007 varð töluverð umræða í fjölmiðlum um íslenskukunnáttu afgreiðslufólks og innflytjenda almennt. Einkennist umræðan af neikvæðni framan af og bærust fréttir af ókurteisi viðskiptavina í garð afgreiðslufólks af erlendum uppruna í tengslum við þetta. Alþjóðahúsið setti sig í samband við ASÍ, VR og Eflingu og í framhaldi var haft samband við Samtök verslunar og þjónustu og ákveðið að framleiða barmmerki til þess að stuðla að meiri jákvæðni og skilning í garð þeirra sem voru að læra íslensku. Átaksverkefninu var hleypt af stokkunum skömmu áður en jólaverslun hófst og vakti töluverða athygli í fjölmiðlum. Framleidd voru 10.000 barmmerki, með átta áletrunum, s.s. "Ég er að læra íslensku", "Hvernig á að fallbeygja kýr?" o.fl.

Opið hús – Culture Club

Íslendingar og útlendingar hittast saman eitt kvöld í viku. Hugsað til að byggja brýr á milli menningarheima og rjúfa félagslega einangrun. Verkefnið er skipulagt af sjálfboðaliðum í náinni samvinnu við starfsmenn Alþjóðahúss. Yfirleitt er þema á hverju kvöldi og samræður fara fram á ensku. Þemu eru yfirleitt skipulögð með fyrirvara samkvæmt óskum þátttakenda og má nefna sem dæmi: hvað ber hæst í fjölmiðlum, ýmsir íslenskir siðir, stjórnmál, ferðalög, tónlist og fleira.

Móðurmálskennsla

Móðurmál, félag um móðurmálskennslu tvítýngdra barna hefur nýtt sér aðstöðu í Alþjóðahúsi til móðurmálskennslu. Nú er kennt á níu tungumálum, ensku, rússnesku, japönsku, litháísku, spænsku, pólsku og tælensku. Dregið hefur mikið úr kennslu í Alþjóðahúsi vegna plássleysis og flestir hópar verið færðir yfir í Háskóla Íslands. Alþjóðahús tekur ekki beinan þátt í starfi félagsins en aðstoðar það umtalsvert; leggur m.a. fram ókeypis húsnæði, húsvörð og aðstoð við umsóknir um styrki.

Samfélagsþjónusta Fangelsismálastofnunar

Fólki hefur gefist kostur á því að inna af hendi samfélagsþjónustu í Alþjóðahúsi á vegum Fangelsismálastofnunar. Hefur það m.a. falið í sér ljósritun, flokkun, hönnun, móttaka og símsvörun. Verkefnið hefur gefist mjög vel og nýst í daglegri starfsemi.

Prestur innflytjenda

Toshiki Toma, prestur innflytjenda, býður upp á ráðgjöf samkvæmt samkomulagi í Alþjóðahúsi. Hófst þetta samstarf í október 2003.

Félög útlendinga og vináttufélög

Alþjóðahús er í mismundandi miklu og breytilegu sambandi við 15-20 félög útlendinga og vináttufélög. Afar mismunandi er hversu virk þessi félög eru, en þau eiga öll greiðan aðgang að húsinu og margvíslegum stuðningi þess. Má sem dæmi nefna að flest félögin eru virk í kringum skipulagningu þjóðahátíðar.

Framtíð í nýju landi

Þann fyrsta desember var verkefninu formlega slitið, en þá voru liðin þrjú ár frá upphafi verkefnisins Framtíð í nýju landi. Verkefnið Íslenskubrautin hélt hins vegar áfram og mun gera svo fram á sumar 2007. Verkefnið er styrkt af Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Velferðarsjóði barna, Eflingu, Rauða kross Íslands og Alþjóðahúsinu. Auk þess er samstarf við fjölmarga aðila. Verkefnisstjóri er Anh Dao Tran.

Samstarf við trúfélög

Samráðsvettvangur trúfélaga hittist reglulega á árinu. Sótt var um styrk fyrir fyrsta verkefni vettvangsins, sem er ritun og útgáfa bæklinga um mismunandi siði og venjur eftir trúarbrögðum í tengslum við andlát. Tilkynnt var í janúar 2008 að styrkur hefði fengist. Markmið vettvangsins er annars að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi.

Þjóðkirkjan átti frumkvæði að stofnun samráðsvettvangsins og kallaði til önnur trúfélög í júní 2005 til að hefja undirbúning. Alls eru þrettán trúfélög aðilar að samráðsvettvangnum, sem einnig er opinn lífsskoðunarfélögum um trúarleg efni og býður félögum og stofnunum til samstarfs. Hann veitir leiðtogum og fulltrúum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um trúarleg efni tækifæri til að kynnast, stuðla að málefnalegum samskiptum sín á milli, liðka fyrir miðlun upplýsinga og taka á vandamálum sem upp kunna að koma, í tengslum við einelti, óeirðir, styrjaldir, náttúruhamfarir eða slys.

Alþjóðahús hefur starfað með samráðsvettvanginum frá upphafi, bæði í undirbúningshópi og eftir stofnun. Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, er upplýsingafulltrúi samráðsvettvangsins. Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, er ritari samráðsvettvangsins. Ekki er um aðrar formlegar stöður að ræða á vegum vettvangsins.

Stofnaðilar voru eftirtalin trúfélög: Þjóðkirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Kirkja sjöunda dags Aðventista á Íslandi, Fríkirkjan Vegurinn, Baháísamfélagið, Félag Múslima á Íslandi, FFWU - Heimsviðarsamband fjölskyldna, Kapólska kirkjan, Ásatrúarfélagið, Búddistafélagið, Krossinn, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga Heilögu.